

Þriðjudaginn 17. október 1995.

Nr. 344/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

**Michael Paul Rimmer**

(Ásgeir P. Ragnarsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald fellt úr gildi. Stjórnarskrá. Aðfinnslur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. október 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 13. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að hann verði látinn laus gegn tryggingu. Til þrautavara krefst varnaraðili þess, að sér verði gert að sæta farbanni í stað gæsluvarðhalds, en verði ekki á það fallist, er þess krafist, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að þörf sé á gæsluvarðhaldi yfir varnaraðila í þágu rannsóknar málsins, sem eftir gögnum þess er vel á veg komin. Ekki verður heldur séð, að þörf sé gæsluvarðhalds til að tryggja nærveru varnaraðila, enda eru aðrar og léttbærari aðferðir tiltækar í því skyni. Þá er ekki fullnægt skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Það athugast, að varnaraðili var handtekinn sunnudaginn 8. október sl. kl. 11.28. Hann var þó ekki leiddur fyrir dómara fyrr en kl. 12.42 9. sama mánaðar, en engar skýringar á þeirri töf er að finna í gögnum málsins. Er þetta andstætt fyrirmælum 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 5. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Ber að átelja þetta.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. október 1995.

Ár 1995, mánudaginn 9. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a- og b-liða 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Michael Paul Rimmer verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 31. október 1995 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn laust fyrir klukkan tíu að morgni 8. október sl. vegna ætlaðrar nauðgunar, sem orðið hefði í togaranum Þerney, RE-101, sem lá við Grandagarð í Reykjavíkurhöfn. Rannsóknarlögreglan kveður Kristínu Ingu Birgisdóttur hafa kært ætlaða nauðgun kærða. Hafi hún borð, að hún hefði hitt skipverja af bresku skipi að kvöldi 7. október sl. á Skipperkránni og slegist í hóp með þeim og farið með þeim á veitingahús og matsölustað. Að lokum hefðu hún og kærði verið ein eftir og þá bæði mjög undir áhrifum áfengis. Hafi kærði ætlað að selja henni fisk og þau því farið niður að höfn. Þar hafi þau farið um borð í fiskiskip og inn í tækjasklefa. Þar inni hafi kærði ýtt henni niður í gólfid og tekið niður um hana fötin. Honum hafi tekist að þröngva getnaðarlim sínum í leggöng hennar og endaparm, þrátt fyrir það að hún streittist á móti. Talsvert ber á milli í framburði kærða annars vegar og kæranda hins vegar af atvikum málsins og aðdraganda. Þá kemur fram í lögregluskýrslu og í framburði hér fyrir dómnum, að kærði er ekki viss um, hvort þau kærandi höfðu samfarir í togaranum. Hins vegar kveður kærði kæranda hafa boðið sér líkama sinn umrætt kvöld, áður en þau fóru um borð í skipið.

Í skýrslu læknis, sem skoðaði kæranda 8. október sl., segir, að kærandi sé með för eftir fingur víða um líkamann, sem stutt geti sögu hennar. Með vísan til þessa, fram lagðra gagna og vitnisburðar kærða hér fyrir dómnum þykir kominn fram rökstuddur grunur um, að kærði hafi framið ætlaða nauðgun. Samkvæmt 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 varðar slíkt brot fangelsi ekki skemur en eitt ár eða/og allt að 16 árum eða ævilangt.

Rannsókn málsins er ekki lokið, og þar eð kærði er erlendur ríkisborgari og búsettur í Englandi með skamma viðdvöl á Íslandi sem skipverji á erlendum togara, þykir verða að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina með vísan til a- og b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Hins vegar verður ekki á það fallist með Rannsóknarlögreglu ríkisins, að 2. mgr. 103. gr. sömu laga eigi hér við.

Arnfríður Einarsdóttir kvað upp úrskurð þennan.

## Úrskurðarorð:

Kærði, Michael Paul Rimmer, sæti gæsluvarðhaldi allt til þriðjudegins 31. október nk. kl. 16.00.

---